

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Húsaviðgerðir og breytingar HÚB102 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ketill Sigurðarson	Sk.st.	KES
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr tré og steini. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingarsögulegt gildi húsa á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um endingu, þægindi og brunavarnir með hliðsjón af lögum og reglum. Farið er yfir greiningu á fúa- og steypuskemmdum, endurnýjun á burðarvirkjum, klæðningum, gluggum, hurðum og öðrum byggingarhlutum. Jafnframt lærir nemandinn um algenga breytingavinnu. Áfanginn er ætlaður fyrir verðandi húsasmiði.

Markmið:

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja
 - þekki lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum
 - hafi innsýn í byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi
 - geti lagt mat á afleiðingar mismunandi lausna fyrir varðveislugildi
 - geri sér grein fyrir mikilvægi brunavarna við viðgerðir og endurnýjun
 - þekki reglur um öryggi og öryggisbúnað við viðgerða- og breytingavinnu
- þekki algengustu skemmdir á tré, steinsteypu og málmum utanhúss
 - kunni skil á skemmdum af völdum sveppa og skordýra í tréverki
 - viti hvernig gert er við trévirkni án þess að rýra burðargetu þess
 - geti greint steypuskemmdir og metið umfang þeirra í grófum dráttum
 - þekki orsakir og afleiðingar tæringar og veðrunar á málum
- kunni skil á notkun bárujárns í klæðningar hérlandis
 - þekki eiginleika og notkunarsvið bárujárns sem klæðningarefnis
 - hafi þekkingu á uppbyggingu bárujárnsklæðninga og festingum
 - þekki frágang bárujárns við mismunandi byggingarhluta
 - hafi innsýn í málun og viðhald bárujárnsklæðninga
- þekki til nýsmíði við eldri hús og endurnýjun á gleri
 - þekki smíði glerskála, svala, kvista, sólpalla og skjólveggja við eldri hús
 - viti um tæknilegar útfærslur á tengingu eldri og nýrra byggingarhluta
 - þekki endurnýjun á gleri og útfærslur á glerjun hallandi byggingarhluta
 - kunni skil á mismunandi hurðakerfum í glerskálum og glervirkjum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Húsaviðgerðir og breytingar HÚB102 Kennsluáætlun vorönn 2015	

Námsgögn:

Kennslubók er ekki fyrir hendi en kennari notar safn heimilda um námsefnið sem er sett fram í fyrirlestrarformi með stuðningi ljósrita, mynda og heimilda af netinu. Nemandi safnar saman upplýsingum úr tímum og býr til vinnumöppu

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Efni	Vægi
2	Kynning á námsefni, verktilhögun og könnun á stöðu nemendahópsins.	
3-4	Unnið heima eða á bókasafni um Þjóðminjalög, Húsafriðunarnefnd og húsafriðunarsjóð, (<i>hópavinna 3–4 nemendur</i>).	
5	Skil á verkefni 1 , umræður og flutningur verkefna	15%
6-8	Byggingarasaga, þróun.	
9-10	Grundun, undirstöður og sökklar gólfplötur Verkefni 2	
10	Verkefni 2	10%
11-12	Útveggir- <i>Timbur</i> , <i>steypa</i>	
13-16	Innveggir, gluggar, breytingar, tjón, fúi og mygla	
17-18	Þök og upprifjun	
18	Verkefni 3	10%
2-18	Skoðunarferðir á áhugaverða staði sem henta faggreininni.	

Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt lokapróf vegur 65% Þrjú verkefni unnin á önn gilda 35%, sjá töflu fyrir ofan.

Verkefni 1	15%
Verkefni 2	10%
Verkefni 3	10%
Lokapróf	65%

6. 1. 2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils